

Samstarf Heilsuleikskólans Suðurvalla og Stóru- Vogaskóla 2009-2010

Samstarfið byggist á því að brúa bilið milli leikskólans og grunnskólans. Markmiðið með því er að styrkja börnin í að takast á við þær breytingar sem verða þegar grunnskólaganga hefst. Á síðastliðnum árum hefur mikil samvinna verið milli Heilsuleikskólans Suðurvalla og Stóru-Vogaskóla og búið er að móta ramma sem samstarfið byggist á.

Markmið samstarfsins er:

- Að skapa samfellu í námi barna milli skólastiga.
- Að kennarar beggja skólastiga öðlist skilning á starfi hvers annars.
- Að stuðla að vellíðan barna við flutning milli skólastiga, gera börnin örugg fyrir áframhaldandi skólagöngu.
- Að börnin upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald leikskólans.
- Að upplýsingamiðlun um hag barnanna milli skólastiga sé skilvirk, með það í huga að tryggja velferð, menntun og þroska nemenda samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla.

Leiðir að markmiðum:

- Leik- og grunnskólakennarar vinna saman að markmiðum.
- Samráð og gagnkvæmar heimsóknir er markviss þáttur í starfinu.
- Elstu börn leikskólans fá góða kynningu á grunnskólanum, bæði að innan og utan.
- Elstu börn leikskólans fari í skipulagðar heimsóknir þar sem að þau kynnast dagskipulagi og innihaldi starfsins í grunnskólanum.
- Elstu börn leikskólans sækja íþróttatíma í íþróttahúsinu.
- Haldinn er skilafundur að vori.

Yfirlit árið 2009-2010.

9. október 2009

Samráðsfundur um samstarf leik- og grunnskólans.

Kennarar beggja skóla mættu á fund þar sem dagsetningar og uppákomur voru ræddar. Tekið var mið af því sem hefur verið gert á undanförunum árum, starfið byggist á gagnkvæmum heimsóknum og samstarfi kennara.

Nóvember 2009

Heimsóknir á bókasafnið.

Í nóvember heimsóttu elstu börn leikskólans bókasafnið í Stóru-Vogaskóla, þar tók bókasafnsvörður á móti hópnum og fræddi þau um umgengni við bækur og mikilvægi þess að lesa. Hún hvatti börnin til þess að bjóða foreldrum sínum á bókasafnið.

2. desember 2009

Fyrsti bekkur heimsækir leikskólann.

Miðvikudaginn 2. desember heimsótti fyrsti bekkur leikskólann en það er liður í að brúa bilið milli leikskóla og grunnskóla. Tilgangur heimsóknarinnar er að börnin fái tækifæri til þess heimsækja gamla skólann sinn, kennara og leikfélaga. Heimsóknin var mjög skemmtileg og gaman var að heyra hvernig fyrstu bekkingar upplifðu þessa endurkomu, en meðal annars fannst þeim allt voða lítið.

22. janúar 2010

Skoða skólalóðina.

Í janúar skoðuðu elstu börnin skólalóðina, rætt var um lóðarmörk og hvar má og hvar má ekki leika sér í frímínútum. Vakin var athygli á skólabjöllunni sem segir til um hvenær börnin fara í og úr frímínútum. Kennararnir í leikskólanum hafa upplifað að skólabjallan geri sum börnin órugg og telja því mikilvægt að ræða um tilgang hennar við leikskólabörnin.

12. febrúar 2010

Elstu börnin í heimsókn í Stóru- Vogaskóla.

Skólastjóri Stóru-Vogaskóla tók á móti börnunum, sýndi þeim skólann og sagði frá því sem þar fer fram. Mikið var um að vera og hitti hópurinn meðal annars smíðakennarann, náttúrufræðikennarann, nemendur á elsta stigi grunnskólans og svo auðvitað gamla leikskólafélaga sem nú eru í fyrsta bekk og kennarann þeirra.

Ferðin var fræðandi og skemmtileg og fengu börnin góða innsýn í skólastarfið.



16. febrúar til 18. mars 2010

Skólaheimsóknir .

Þriðjudaginn 16. febrúar fór fyrsti hópurinn frá leikskólanum í grunnskólaheimsókn ,en heimsóknirnar voru síðan á fimmtudögum.

Nemendurnir leikskólans fóru í litlum hópum í heimsókn í Stóru-Vogaskóla og voru heilan skóladag í fyrsta bekk.

Kl. 8:10 – var lagt af stað frá leikskólanum.

Kennari fyrsta bekkjar tók á móti leikskólabörnum og kennara þeirra.

Farið var í kennslustundir, nesti snætt, (leikskólinn sá um að útbúa nesti). Börnin prófuðu að fara út í frímínútur, tóku þátt í þemanámi og borðuðu hádegisverð í grunnskólanum.

Þessi heimsókn veitir börnunum öryggi þau fá tækifæri til þess að upplifa og skoða það sem fer fram í skólanum, þau fá að venjast skólabjöllunni (en minnir hún mjög á brunabjölluna í leikskólanum) og kynna sér salernisaðstöðu en þessir litlu þættir skipta miklu máli fyrir öryggiskennð barnanna sem senn hefja grunnskólagöngu.

Að okkar mati hefur verið mjög fræðandi fyrir leikskólakennarana að fá að fylgja börnunum í grunnskólann, það veitir innsýn í skólastarfið og er því auðveldara að ræða við börnin um grunnskólagöngu sem er framundan.

7. maí 2010

Vorhátíð fyrsta bekkjar og elstu barna leikskólans.

Föstudaginn 7. maí kom fyrsti bekkur Stóru-Vogaskóla í heimsókn í leikskólann. Haldin var hátíð þar sem kór elstu barna söng, fyrsti bekkur flutti atriði, börnin sungu saman, farið í leiki og grillaðar pylsur.

Að okkar mati styrkir þessi heimsókn vinabönd milli árganganna og gefur elstu börnum leikskólans aukið öryggi við upphaf skólagöngu.

